FÉLAG ATVINNUREKENDA

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

SENT Á UMSAGNAGÁTT

Reykjavík, 5. nóvember 2026

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis (CBAM), *þingmál nr. 233, þingskjal 257 á 158. löggjafarþingi*

Félag atvinnurekenda (FA) þakkar fyrir tækifærið að veita umsögn um frumvarp til laga um aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis (CBAM). Félagið styður almenn markmið um verndun loftslags og skilur þær alþjóðlegu skuldbindingar sem liggja til grundvallar innleiðingu regluverksins á grundvelli EES-samningsins. Hins vegar telur FA fulla ástæðu til að slá varnagla við því hvernig kerfið er lagt upp í frumvarpinu. Í greinargerð þess hefur meginhersla verið lögð á stöðu stóriðju og álvera, en litið fram hjá þeim miklu áhrifum sem löggjafinn hefur m.a. á innlenda heildverslun, innflytjendur og dreifingaraðila. Atvinnurekendur sem flytja inn tæknibúnað, málmvörur, lagnir, festingar og byggingarefni munu standa frammi fyrir gríðarlegri stjórnsýslubyrði og nýjum rekstrarkostnaði. Þessi nýju gjöld munu leggjast með þungum hætti á innlenda heildverslun og innflytjendur tæknibúnaðar, sem mun óhjákvæmilega skila sér í hækkuðu verði á mikilvægum aðföngum til mannvirkjagerðar og framkvæmdar á Íslandi.

I. Raunveruleiki innlendrar heildverslunar

Í athugasemdum með frumvarpinu er byggt á þeirri einfölduðu forsendu að innflutningur á járni, stáli og áli sé fyrst og fremst hráefni í stórum, einsleitum förmum. Veruleiki innflytjenda hér á landi, heildsala og dreifingaraðila, er allur annar. Fyrirtæki í heildverslun með tæknibúnað, raf- og pípulagnir, verkfæri og byggingarvörur halda að jafnaði utan um þúsundir aðskilinna vörunúmera sem falla undir gildissvið CBAM - allt að 8.000 til 9.000 virk vörunúmer hjá stökum innflytjanda. Um er að ræða mikinn fjölda smærri íhluta, svo sem festingar, rör, fylgihlutir o.s.frv., sem berast til landsins með margvíslegum hætti, bæði í smærri sendingum og í gámavís.

Að ætlast til þess að innlend heildverslun haldi úti sérstöku kolefnisbókhaldi, afli framleiðslugagna og reikni út innbyggða losun fyrir þúsundir ólíkra vörunúmera er óraunhæf stjórnsýslubyrði. Hér er um að ræða mikla handavinnu og kerfisbreytingar sem kalla munu á að fyrirtæki þurfi að bæta við starfsfólki eingöngu til að sinna flokkun og skráningu vegna CBAM. Það er ótækt að ríkið leggi slíkar byrðar á atvinnulífið án þess að fyrir hendi séu einfaldar lausnir eða raunhæf aðlögun.

II. Svarleysi erlendra framleiðenda og óréttmæt gjöld

CBAM-kerfið byggist á þeirri hugmynd að innflytjandi eigi að fá staðfestar upplýsingar frá erlendum verksmiðjum um losun við framleiðslu vörunnar. Sú forsenda stenst ekki skoðun í íslenskum veruleika. Reynsla innflytjenda sýnir að formlegum fyrirspurnum til birgja utan Evrópu er mætt með algjöru svarleysi. Birgjarnir utan EES eru jafnan alþjóðlegir risar þar sem viðskipti íslenskra innflytjenda eru aðeins örlítið brot af heildarsölu. Innlend fyrirtæki hafa enga stöðu til að knýja erlendar verksmiðjur til að eyða tíma og peningum í evrópskar vottanir fyrir fáeinar sendingar til Íslands.

Skeifunni 11 | 108 Reykjavík | Sími 588 8910
atvinnurekendur@atvinnurekendur.is | www.atvinnurekendur.is
Kt. 530169-5459 | Banki 01515-26-6440

Þegar birgjar svara ekki neyðast innflytjendur til að nota svokölluð sjálfgefin viðmunargildi sem Evrópusambandið gefur út. Þessi sjálfgefnu gildi eru að jafnaði reiknuð mjög há af hálfu Evrópusambandsins. Fyrir íslenska innflytjendur, sem hafa ekki bolmagn til að knýja fram raunlosunartölur frá erlendum birgjum, jafngildir þetta í reynd óréttmætum refsitollum sem hækka innkaupsverð verulega.

III. Tvöföld tollflokkun og aukin handavinna

Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins ber innflytjendum eða tollmiðlurum að skrá átta stafa evrópskt vörunúmer (SN-númer) í aðflutningsskýrslur til viðbótar við hið íslenska tollskrárnúmer, þegar ekki er fullt samræmi milli íslensku tollskrárinnar og tollreglna Evrópusambandsins. Þetta ákvæði leggur gríðarlega vinnu á herðar innlendra innflytjenda. Þar sem íslenska tollskráin er ekki samræmd þeirri evrópsku þurfa heildsalar að endurflokka þúsundir vörunúmera handvirkt og uppfæra kerfi sín. Þetta skapar mikla hættu á mistökum, töfum á tollafgreiðslu og auknum kostnaði við innflutninginn.

FA telur ótækt að leggja þessa vinnu á atvinnulífið án þess að stjórnvöld sjálf leggi fram opinbera, rafræna og staðfesta samsvörunartöflu milli íslenskra tollnúmera og evrópskra vörunúmera. Það getur ekki verið hlutverk starfsfólks í innkaupum og vöruhúsum að leysa úr ósamræmi í tollskrám ríkisins.

IV. Stjórnsýslan óundirbúin og innviði vantar

Í 2. gr. frumvarpsins er Umhverfis- og orkustofnun falið víðtækt hlutverk sem lögbæru stjórnvaldi, þar á meðal afgreiðslu umsókna um leyfi til að vera skýrslugjafi, sala vottorða og beiting stjórnvaldssekta. Stjórnsýslan er alls ekki tilbúin til að taka við þessu verkefni. Stofnunin hefur enn ekki opnað rafræna gátt þar sem fyrirtæki geta sótt um tilskilin leyfi, og engar skýrar leiðbeiningar liggja fyrir. Þá ríkir skortur á sérfræðingum innanlands til að aðstoða fyrirtæki við að koma þessum málum í farveg. Það er óboðlegt að lögfesta strangar kröfur og þung viðurlög gagnvart fyrirtækjum þegar hið opinbera hefur ekki einu sinni komið upp nauðsynlegum innviðum fyrir framkvæmdina.

Jafnframt mótmælir FA 11. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að Umhverfis- og orkustofnun innheimti sérstakt afgreiðslugjald af fyrirtækjum fyrir að afgreiða umsóknir þeirra um stöðu skýrslugjafa. Það gengur gegn öllum sanngirnissjónarmiðum að láta fyrirtæki borga sérstaklega fyrir að fá leyfi til að sinna lögboðnum skyldum sínum, sérstaklega þar sem ríkissjóður gerir ráð fyrir hundruðum milljóna króna í tekjur af vottorðasölu.

V. Hætta á samkeppnisskerðingu og auknum kostnaði

Innlend heildverslun leitar reglulega til birgja utan Evrópu til að tryggja vöruframboð og ná fram hagstæðara verði í þágu innlends markaðar. Þegar samið er við birgja utan EES er það oft gert beinlínis í þeim tilgangi að auka samkeppni og lækka innkaupsverð á nauðsynlegum vörum. Ef CBAM-kerfinu er beitt með óraunhæfum kröfum verður nánast ómögulegt fyrir íslensk fyrirtæki að eiga í viðskiptum við birgja utan EES. Það dregur úr samkeppni og neyðir innflytjendur til að kaupa eingöngu frá evrópskum verksmiðjum. Þar sem framleiðslukostnaður í Evrópu mun á sama tíma hækka vegna loftslagsreglna ESB, blasir við að verð á málmum, lögnum, festingum og byggingarvörum úr öllum áttum mun hækka verulega á Íslandi. Það hefur beinar afleiðingar fyrir innlendad heildverslun og viðskiptavini hennar.

VI. Kröfur FA

Með vísan til alls framangreinds fer FA fram á að umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis geri eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lögfestur verði að lágmarki 24 mánaða aðlögunarfrestur
2. Stjórnvaldssektum skv. 9. gr. og leyfissviptingum skv. 8. gr. verði frestað
3. Kveðið verði á um opinbera birtingu Skattsins á samsvörunartöflu fyrir tollnúmer skv. 6. gr.
4. Gjaldtaka skv. 11. gr. verði felld niður
5. Hlutverk tollmiðlara verði gert raunhæft skv. 7. gr.

Virðingarfyllst,

Ásdís Eir Guðmundsdóttir
Lögfræðingur, Félag atvinnurekenda